

STJÓRNARTÍÐINDI A 4 — 1967

29. apríl 1967.

37

Nr. 31.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir 6. gr. laganna komi ný grein, sem verður 7. gr., svo hljóðandi, og greinatala laganna breytist því til samræmis:

Stofna skal í Iðnlánasjóði lánadeild veiðarfæraiðnaðar, er hafi þann tilgang að efla og styrkja innlendan veiðarfæraiðnað.

Ríkissjóður leggur lánadeild veiðarfæraiðnaðar til sem stofnfé skuldabréf Sildarverksmiðja ríkisins, dags. 6. desember 1952, að eftirstöðvum kr. 11.6 millj.

Tekjur lánadeildar veiðarfæraiðnaðar skulu vera sem hér segir:

1. Af veiðarfærum, sem koma eða eru flutt inn á tollsvæði ríkisins, skal greiða verðjöfnunargjald, sem rennur til lánadeildar veiðarfæraiðnaðar. Skal gjald þetta nema 1% af tollverði hinna innfluttu veiðarfæra, sbr. II. kafla laga nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl. Innheimtumenn ríkisins annast innheimtu gjaldsins. Við álagningu gjaldsins, innheimtu, afgreiðslu og aðra framkvæmd, svo og um refsingar og önnur viðurlög vegna brota á ákvæðum þessa tl. og mál út af slíkum brotum, skal ákvæðum laga nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl., svo og laga nr. 68 17. ágúst 1956, um tollheimtu og tolleftirlit, beitt, eftir því sem við á.

Til veiðarfæra samkvæmt þessum tl. teljast:

Netagarn úr hampi, tollskrárn., sbr. lög nr. 7/1963	57.05.02
Færi, tollskrárn., sbr. lög nr. 7/1963	59.04.01
Línur, tollskrárn., sbr. lög nr. 7/1963	59.04.01
Kaðlar, tollskrárn., sbr. lög nr. 7/1963	59.04.02
Öngultaumar, tollskrárn., sbr. lög nr. 7/1963	59.04.03
Fiskinet úr gerviefnum, tollskrárn., sbr. lög nr. 7/1963	59.05.01
Fiskinet úr öðrum efnum, tollskrárn., sbr. lög nr. 7/1963 ..	59.05.02

2. Framlög, sem veitt kunna að verða úr ríkissjóði eða á annan hátt.

3. Vextir af stofnfé.

Iðnlánasjóði er heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 10 millj. kr. lán til starfsemi lánadeildar veiðarfæraiðnaðar, og er ríkissjóði heimilt að ábyrgjast slík lán.

A 5

2. gr.

Á eftir 7. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga þessara, komi ný grein, svo hljóðandi, og greinatala laganna breytist því til samræmis:

Iðnaðarmálaráðherra setur með reglugerð, að fengnum tillögum Iðnþróunarráðs, nánari ákvæði um starfsemi lánadeildar veiðarfæraiðnaðar, þar á meðal um vaxtakjör lána. Heimilt er ráðherra að ákveða í reglugerð, að veita megi, auk lána, styrki eða vaxtalaus framlög um tiltekið árabíl til að stofnsetja veiðarfæragæðir og jafnframt til verðjöfnunar á ótollverndaðri, innlendri veiðarfæraframleiðslu, ef þurfa þykir vegna erlendrar samkeppni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra og laga nr. 25 22. apríl 1966 inn í lög nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð, og gefa þau út svo breytt.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson. Birgir Finnsson. Gizur Bergsteinsson.
(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

**um breyting á lögum nr. 29 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám
án undanfarins dóms eða sáttar.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir 10. lið 1. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi:

Umsamdar greiðslur atvinnuveitenda í sjúkra- og styrktarsjóði verkalýðsfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson. Birgir Finnsson. Gizur Bergsteinsson.
(L. S.)

Jóhann Hafstein.